

Nd.

497. Nefndarálit

um frumv. til laga um fiskveiðasamþyktir og lendingasjóði.

Frá sjávarútvegsnefnd.

Þetta frumvarp er stjórnarfrumvarp. Það er búið að ganga í gegnum háttv. efri deild og hefir verið samþykkt þar. Í því felast ekki miklar efnisbreytingar á nú gildandi lögum, en það dregur saman í eina heild 8 eldri lög og lagabreytingar. Það út af fyrir sig er næg ástæða til þess að taka frumvarpinu vel og láta

það ganga fram, en rjett er, að þessum samdrætti eldri laga fylgi nokkrar endurbætur.

Helsta breytingin á núgildandi lögum, sem í þessu frumv. felst, er sú, að stærð báta, sem samþykkt má ná til, er færð úr 15 í 20 lestir. Nefndin er sammála um, að þessi breyting gangi í rjetta átt, en álítur að hún gangi ekki nógu langt. Hún vill því færa stærðartakmark bátanna upp í 30 lestir. Ástæðan fyrir því er þessi: Í flestum eða öllum veiðistöðum í kringum land alt er ásetningurinn og viðleitnin sú, að leggja niður smærri báta til þess að fá aðra stærri í staðinn. Ef þessu fer fram um stund, sem líklegt er, þá fer svo að fám árum liðnum, að þorri bátanna verður undanþeginn lendingasjóðsgjaldi og tekjur lendingasjóðanna verða sára litlar, en það telur nefndin veigamesta tilgang þessa frumv. að stuðla til þess að bæta hafnir og lendingar hjér við land.

Þó nefndin þannig vilji gera gjaldskylduna til lendingasjóðanna viðtækari, þá vill hún ekki heimila, að það sje nokkurstaðar haft svo hátt, að tilfinnanlegt geti talist. Sumir nefndarmenn töldu 2% af afla hæfilegt hámark, en meiri hluta nefndarinnar fanst það of hátt og vill færa það niður í 1%. Minni hlutinn (B. St. og J. B.) beygði sig fyrir því, en hefir þó óbundið atkv. sitt ef aðrir háttv. þingmenn gera breytingartillögur um að færa það upp í 2%. Stjórnin hafði sett 5% sem hámark, en um það er öll nefndin sammála, að það sje óhæfilega hátt.

Í frumv., eins og það kemur frá háttv. efri deild, er heimilað að leggja gjaldið á rúmmál bátanna. Það ákvæði telur nefndin óhyggilegt og vill slá því föstu, að við hundraðsgjald af aflanum sje miðað og ekkert annað.

Því fer fjarri að það sje föst regla eða sjálfsagt, að upphæð afla standi í rjettu hlutfalli við stærð skipsins. Auk þess ráða sumir útgerðarmenn alla skipverja fyrir mánaðarpeninga og telja aflann alls ekki í hlutum. Gæti þá orðið ágreiningur um, hvað telja skyldi afla skipsins marga hluti, en þess háttar ágreining og deilur, sem af honum gætu leitt, vill nefndin koma í veg fyrir.

Af framansögðu vill nefndin gera eftirfylgjandi breytingar á frumv. og ráða síðan háttv. deild til að samþykkja það.

BREYTINGARTILLÖGUR.

1.

Í stað »20 smálestir« í 1. og 6. gr. komi:
30 smálestir.

2.

Fyrri partur 3. málsgreinar 7. greinar orðist svo:
Lendingasjóðsgjald má ákveða alt að 1% af afla skipsins.

Alþingi, 16. ágúst 1917.

Sveinn Ólafsson,
formaður.

Pjetur Ottesen,
skrifari.

B. R. Stefánsson,
framsögum.

Jörundur Brynjólfsson.

Matth. Ólafsson.